

# Heimasíða heimsálfanna

Hópaverkefni

K  
J  
A  
R  
N  
I

1

Þið ætlið að setja upp ykkar  
eigin heimasíðu.



Búið til undirsíðu  
þar sem allir  
linkar sem þið  
notið eru settir  
inn á

## Um hverja heimsálfu þarf að koma fram:

- **Lönd, höfuðborg og fáni.** Veljið ykkur 10 lönd í hverri heimsálfu. Nefnið höfuðborgir þeirra og setjið inn mynd af fánum.
- **Stærsta, hæsta, lengsta.** Finnið og skrifið upplýsingar um hverja heimsálfu sem tilheyra þessum lýsingarorðum. Til dæmis hæsti tindur, lengsta fljót og stærsta vatn (þessar upplýsingar getið þið t.d. fundið í kennslubókinni Um víða veröld).
- **Vinsælast.** Finnið til a.m.k. þrjá vinsæla ferðamannastaði í hverri heimsálfu. Skrifið um staðina og segið frá hvað er svona merkilegt við þá og hvað er það sem dregur ferðamenn á þessa staði.
- **Fjölbreytileikinn.** Berið saman ólíka lifnaðarhætti fólks í sömu heimsálfu (veljið þrjár heimsálfur).

## Forsíðan

Lesið ykkur til um heimsálfurnar og horfið á þessi myndbönd.

Upplýsingar finnið þið t.d. á veraldarvefnum og í kennslubókinni Um víða veröld, heimsálfur bls. 6 - 16.

Finnið upplýsingar um heimsálfurnar og setjið saman í einn texta. Setjið textann fallega upp á forsíðuna ykkar.

Munið að skrá heimildir inn á heimildaskrána.

Næst finnið þið inn á veraldarvefnum lýsandi mynd af heimsálfunum og setjið inn á forsíðuna.

Leikið ykkur að setja upp flotta forsíðu með því að setja inn myndir, myndbönd, breyta lettri og þema, sjá myndband HÉR.



Afurð: Google Sites heimasíða um heimsálfurnar